

Ed. 565. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 22/1968 orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura. Ráðherra ákveður með reglugerð nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 38/1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er tengt frumvarpi til laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sem lagt var fram á Alþingi 18. febrúar s. l. (Ed. 147. mál).

Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að tvær lágstu mynteiningarnar verði 5 aurar og 10 aurar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi lögum sem kveða á um að lágsta fjárhæð nemi heilli krónu verði breytt til samræmis við ofangreint lagafrumvarp.